

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1501
DAGSETNING TILVÍSUN
komudagur 24.3.2004
Reykjavík, 24. mars 2004 2004030235

Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna. 311. mál.

Þann 12. mars sl. barst ríkisskattstjóra til umsagnar frá Alþingi frumvarp til laga á þskj. 356, mál 311 á yfirstandandi þingi. Um er að ræða tillögu að lagabreytingu sem m.a. gengur í þá átt að aflétta því þaki sem núverandi skattalög setja á skattfrelsi móttakinna meðlagsgreiðslna. Samkvæmt gildandi reglum er skattfrelsi meðlaga hjá því foreldri, sem við tekur, takmarkað við fjárhæð tvöfalds barnalífeyris. Ákvæði þessa efnis var lögfest á árinu 2000, sbr. 1. gr. laga nr 86/2000. Frumvarpið gerir ráð fyrir þeirri breytingu á lögum nr 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt að afnumin verði að fullu skattlagning meðlaga enda séu þau greiddar samkvæmt lögum, dómsúrskurði eða staðfestu samkomulagi.

Frumvarp sama efnis kom til umsagnar hjá embættinu á árinu 2002 og aftur 2003. Í umsögn embættisins um frumvarpið á árinu 2002 segir: "*Ákvæði laganna sem hér er lögð til breyting á er í raun meginákvæðið um tekjur, þ.e. það ákvæði sem héfur að geyma tekjuskilgreiningu laganna. Tekjuskattlagning á Íslandi byggir á mjög víðu tekjuhugtaki og almennt er varasamt að þrengja það vegna fordæmisáhrifa og framkvæmdaerfjðleika sem það kann að skapa. Eins og fyrr er getið eru meðlagsgreiðslur sem nema tvöfaldri fjárhæð barnalífeyris ekki skattskyldar tekjur samkvæmt gildandi lögum. Rökin á bak skattfrelsi meðlagsgreiðslna byggja almennt á megin sjónarmiðum um fjármunatilfærslur á milli aðila innan grunnfjölskyldueiningar. Tekjurnar eru þannig skattlagðar þegar til þeirra er unnið af meðlagsgreiðanda, en ráðstöfun til móttakanda telst ekki til tekna vegna tengsla aðila. Er þannig verið að tryggja einsköttun tekna sem varið er til meðlagsgreiðslna og er þannig varið til að standa straum af framfærslukostnaði fjölskyldu. Erlendis er misjafnt hvort skattbyrðin flyst af meðlagsgreiðandanum yfir á móttakanda teknanna (en þá eru meðlögin skattlögð hjá móttakanda sem nýtur í reynd teknanna en veittur frádráttur hjá greiðanda) eða hvort þau eru skattfrjáls hjá móttakanda eins og hér er lagt til. Það er grundvallarsjónarmið um tekjuskattlagningu á Vesturlöndum að hún byggir á svonefndri meginreglu um greiðslugetu. Í því felst að skattlagning má ekki ganga svo nærri mönnum að greiðslugeta til kaupa á a.m.k nauðþurftum má ekki skerðast óhæfilega. Ætla verður að ekki sé hætta á því hér, enda gengið út frá því að í meðlagsúrskurði eða staðfestum samningi um meðlagsgreiðslu sé tekið mið af greiðslugetu meðlagsgreiðanda, m.a. með hliðsjón af að hann greiði skatta af meðlagsfénu. Í ljósi þessa gerir ríkisskattstjóri út af fyrir sig engar athugasemdir við framangreindar breytingartillögur.*"

Ríkisskattstjóri telur að ekki sé þörf á að veita aðra umsögn um mál þetta en að ofan greinir.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Steingrímur H. Sveinsson', written in a cursive style.